

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til upplýsingalaga

I.

Með bréfi dags. 19. mars 1996 óskar Allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Bandalags háskólamanna um frumvarp til upplýsingalaga, 361. mál.

II. Um meginefni frumvarpsins

Frumvarp þetta er lagt fram í beinu samhengi við tiltölulega nýsett stjórnsýslulög og varðar upplýsingaskyldu stjórnvalda gagnvart almenningi.

III. Afstaða Bandalags háskólamanna

Bandalag háskólamanna fagnar markmiðum og meginefni frumvarpsins en áskilur sér rétt til að koma síðar að athugasemdum við einstakar greinar þess ef í ljós kemur að frumvarpið varðar breytingar á skyldum starfsmanna.

Reykjavík, 17. apríl 1996

F.h. miðstjórnar Bandalags háskólamanna


Martha Ásdís Hjálmarsdóttir